



F I S K I S T O F A

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1967  
komudagur 22.4. '98

Ingólfsstræti 1  
150 Reykjavík  
sími 569 7900  
telefax 569 7990 / 569 7991

Alþingi - sjávarútvegsnefnd

21. apríl 1998

**Umsögn  
um frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum**

Af hálfu Fiskistofu er ekki sett fram álit á því fyrirkomulagi sem lagt er til að gildi næstu árin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Fiskistofa mun að sjálfsögðu sinna því hlutverki sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði það að lögum. Undirbúningur þess er þegar hafinn í Fiskistofu að svo miklu leyti sem unnt er, en markviss vinna við þetta verkefni bíður endanlegrar afgreiðslu frumvarpsins og þess að sett verði reglugerð um framkvæmdina í kjölfar væntanlegrar lagasetningar. Þar þarf m.a. að kveða á um það hvernig burðargeta skipa skuli reiknuð svo eitthvað sé nefnt.

Á þessu löggjafarþingi hafa verið sett nokkur ný lög og breytingar gerðar á öðrum sem hafa það sameiginlegt með því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, að auka á verkefni og vinnu í Fiskistofu. Með vísan til umsagna fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis með þeim lagafrumvörpum sem hér um ræðir og með vísan til bréfs Fiskistofu til sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 8. þ.m. um starfsmannafjölda, vill Fiskistofa taka fram að því eru takmörk sett hve lengi er unnt að mæta nýjum verkefnum með hagræðingu og endurskipulagningu.

F.h. Fiskistofu

Þórður Ásgeirsson  
Fiskistofustjóri